

Mánudaginn 19. desember 1983.

Nr. 190/1983. **Gunnar H. Pálsson**
Sigrún S. Pálsdóttir
Brynjólfur Ámundason
Guðrún Ámundadóttir
Sigmundur Ámundason og
Ingimar Ámundason
 (Haraldur Blöndal hrl.)
 gegn
Jóni Skaftasyni,
skiptaráðanda í Reykjavík
 (enginn).

Kærumál. Erfðamál. Opinber skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðiljar kærðu mál þetta til Hæstaréttar með heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Barst kæran Hæstarétti 11. október sl. Dóمندur ákváðu með heimild í 2. mgr. 31. gr. nefndra laga, að málið skyldi munnlega flutt, og var það tekið fyrir á dómþingi 12. þessa mánaðar. Þing var sótt af hálfu sóknaraðilja, en ekki af hálfu varnaraðilja. Hefur því verið farið með málið eftir 40. gr. laga nr. 75/1973.

Sóknaraðili krefst þess, að „einkaskipti í dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar verði ógilt og lagt fyrir skiptaráðandann í Reykjavík að taka til opinberra skipta dánar- og félagsbú Þormóðs Guðmundssonar og Jónínu Hansdóttur.“

Frá varnaraðilja hafa engar kröfur borist.

Í 7. kapítula skiptalaga nr. 3/1878 er fjallað um erfingjaskipti. Í kafla þessum er m. a. svofellt ákvæði, sem er hluti 71. gr. laganna: „...Nú gefa sig síðar fram fleiri erfingjar, og geta þeir þá krafist þess, að búið sé tekið til opinberra skipta ...“ Af sambandi ákvæðisins við aðrar reglur 7. kafla verður ráðið, að því sé aðallega ætlað að taka til þess, ef erfingjar gefa sig fram, áður en einkaskiptum

er lokið. Því hefur engu að síður verið beitt, þó að skiptum hafi verið lokið, og samræmist það almennum reglum íslensks réttar um endurskoðun ákvarðana skiptaréttar, ef nýjar upplýsingar koma fram. Verður því ekki fallist á röksemdir þær, er fram koma í forsendum hins kærða úrskurðar.

Eins og segir í hinum kærða úrskurði, var hagsmuna bréferfingjans Önnu Norris ekki gætt fyrir skiptarétti, þegar þar var fjallað um kröfu þá, sem hér er til úrlausnar.

Ekki verður séð, að skiptaráðandi hafi kannað hina sameiginlegu og gagnkvæmu erfðaskrá Þormóðs Guðmundssonar og Jónínu Hansdóttur, konu hans, frá 2. febrúar 1933, er hann leyfði einkaskipti og tók við erfðafjárskatti. Eftir gögnum þeim, sem fram hafa komið, eru líkur til, að sóknaraðiljar hafi, þegar Þormóður andaðist, átt rétt til að krefjast hluta eigna hans, en þörf er á frekari könnun málsins.

Þegar framanskrað er virt, ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir skiptaráðanda að taka málið til úrlausnar að nýju.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og ber skiptaráðanda að taka málið til úrlausnar að nýju.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 15. september 1983.

I.

Þann 29. ágúst 1983 var í skiptarétti Reykjavíkur tekin til úrskurðar krafa Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns fyrir hönd Gunnar H. Pálssonar, Hágörðum 24, Seltjarnarnesi, Sigrúnar S. Pálsdóttur, Stóragerði 6, Reykjavík, Brynjólfs Ámundasonar, Háaleitisbraut 17, Reykjavík, Guðrúnar Ámundadóttir, Eyjabakka 9, Reykjavík, Sigmundar Ámundasonar, Hjarðarholti 11, Selfossi, og Ingimars Ámundasonar, Melum, Svarfaðardal, um, að kveðinn verði upp úrskurður um, hvort opinber skipti á dánarbúi Jónínu Hansdóttur, sem síðast var til heimilis á Bárugötu 22, Reykjavík, og lést þann 6. apríl 1962, eigi fram að fara eða ekki.

II.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum eru málsatvik þau, að þann 2. febrúar 1933 gerðu hjónin Jónína Hansdóttir og Þormóður Guðmundsson með sér sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá, en þau munu ekki hafa látið eftir sig niðja. Samkvæmt erfðaskránni átti hið langlífara þeirra að erfa hið skammlífara að öllum eignum, en að því langlífara þeirra látnu skyldi búinu skipt, „eins og það er þá, að jöfnu milli lögerfingja okkar beggja eftir lögunum, eins og engin arfleiðsluskra hefði verið gerð.“ Var erfðaskrá þessi notarialstaðfest.

Jónína Hansdóttir lést, sem fyrr segir, þann 6. apríl 1962. Þann 5. október 1964 gerði Þormóður Guðmundsson erfðaskrá, þar sem hann arfleiddi fósturdóttur sína, Önnu Norris, Bárugötu 22, Reykjavík, að innbúi sínu og íbúð á fyrstu hæð fasteignarinnar að Bárugötu 22 í Reykjavík, en þau Gunnar H. Pálsson og Sigrún S. Pálsdóttir skyldu erfa íbúð á annarri hæð sömu fasteignar ásamt útigeymslu. Að öðru leyti áttu skipti búsins að fara að lögum. Var erfðaskrá þessi notarialstaðfest.

Þann 3. janúar 1979 gerði Þormóður Guðmundsson enn erfðaskrá, en samkvæmt henni átti fyrrnefnd Anna Norris að erfa allar eigur hans, og er tekið fram, að erfðaskrá gerð 5. október 1964 sé felld úr gildi. Er erfðaskrá þessi eins og hinar fyrri notarialstaðfest. Hins vegar er hvorki í erfðaskrá þessari né í þeirri frá árinu 1964 vikið að niðurfellingu erfðaskrárinnar frá 1933.

Þormóður Guðmundsson andaðist þann 15. ágúst 1980.

Þann 12. febrúar 1982 veitti skiptaráðandinn í Reykjavík Önnu Norris leyfi til einkaskipta á dánarbúi Þormóðs, en fram kemur í beiðni hennar um umrætt leyfi, að hún styðji arfstilkall sitt við erfðaskrá. Þann 23. september 1982 greiðir síðan Anna Norris erfðafjárskatt vegna arftöku sinnar úr búinu, en samkvæmt erfðafjárskýrslu, dagsettri þann 22. sama mánaðar, eru einu eignir búsins tvær íbúðir að Bárugötu 22, Reykjavík, og nefnd Anna einkaerfingi í búinu.

Með bréfi, dagsettu 28. mars 1983, leitaði Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður upplýsinga skiptaráðanda um, hvort dánarbúi Jónínu Hansdóttur og Þormóðs Guðmundssonar hafi verið skipt. Í svarbréfi skiptaráðanda, dagsettu 6. apríl 1983, er vísað um skipti dánarbús Þormóðs Guðmundssonar til einkaskiptaleyfis og erfðafjárskýrslu Önnur Norris, en um skipti á dánarbúi Jónínu Hansdóttur segir: „Erfðafjárskýrsla eða önnur gögn varðandi skipti dánarbús Jónínu Hansdóttur hafa ekki fundist, og í dánartilkynningabók embættisins frá 1962 er þess ekki getið, að frá skiptum hafi verið gengið.“

Með bréfi, dagsettu 19. apríl, óskaði Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður eftir því fyrir hönd þeirra Gunnars H. Pálssonar, Sigrúnar S. Páls-

dóttur, Brynjólfs Ámundasonar, Guðrúnar Ámundadóttur, Sigmundar Ámundasonar og Ingimars Ámundasonar, að dánarbúi Jónínu Hansdóttur yri tekið til opinberra skipta, en aðilja þessa kvað hann vera lögerfingja Jónínu. Með bréfi, dagsettu þann 30. júní 1983, tilkynnti skiptaráðandi lögmanninum, að ekki væri unnt að verða við beiðni þessari, þar sem „fyrir liggur, að eignum búsins hefur verið skipt, sbr. meðfylgjandi ljósrit erfðafjárskýrslu nr. 202/1982, dags. 22. september 1982, í dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar, nafnnúmer 9702 - 8664, ekkils Jónínu Hansdóttur, en hann lést hinn 15. ágúst 1980.“

Með bréfi sínu, dagsettu 5. ágúst 1983, krafðist lögmaðurinn þess, að kveðinn yrði upp úrskurður um, hvort opinber skipti eigi að fara fram eða ekki á dánarbúinu. Var honum gefinn kostur á að leggja fram greinargerð um kröfu þessa, og var hún tekin til úrskurðar eftir framlagningu greinargerðar þann 29. ágúst 1983.

III.

Kröfur sínar í máli þessu styðja lögerfingjar Jónínu Hansdóttur þeim rökum, að Anna Norris hafi ekki getið sameiginlegrar og gagnkvæmrar erfðaskrár Jónínu og Þormóðs Guðmundssonar, er hún fékk leyfi til einkaskipta á dánarbúi Þormóðs og greiddi erfðafjárskatt vegna þeirrar arftöku. Benda þau einnig á, að í gögnum þessum sé innbúsmuna dánarbúsins að engu getið. Taka þau fram, að Gunnar H. Pálsson hafi farið á fund skiptaráðanda skömmu eftir lát Þormóðs og fengið afrit erfðaskrárinnar frá 1933 og jafnframt tilkynnt munnlega, að lögerfingjar Jónínu mundu gæta réttar síns við skiptameðferð. Er og fullyrt, „að Anna Norris vissi um sameiginlegu erfðaskrána og jafnframt að lög stóðu ekki til þess, að hún fengi meira en sem nam helmingi dánar- og félagsbús þeirra Þormóðs og Jónínu.“

Telja umræddir aðiljar, að samkvæmt því, sem fram er komið, hafi skipti ekki farið fram í dánarbúi Jónínu Hansdóttur og beri því að taka búið til skipta. Með því að það bú sé sameiginlegt dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar, sé jafnframt óhjákvæmilegt að taka upp þau skipti. Segir síðan í lok greinargerðar lögmanns lögerfingja Jónínu Hansdóttur, að „Kröfugerð umbjóðenda minna í máli þessu er því sú, að einkaskipti í dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar verði ógild og að dánar- og félagsbúi Jónínu Hansdóttur og Þormóðs Guðmundssonar verði tekið til opinberra skipta.“

IV.

Í máli þessu liggur ekki annað fyrir en að Jónína Hansdóttir og Þormóður Guðmundsson hafi verið í hjúskap, er Jónína lést þann 6. apríl 1962,

og hefur ekkert komið fram, er bendir til þess, að sameiginleg og gagnkvæmt erfðaskrá þeirra, sem dagsett er þann 2. febrúar 1933, hafi áður verið fallin úr gildi. Hefur ekki í máli þessu verið vefengt, að Þormóður Guðmundsson hafi verið einkaerfingi Jónínu Hansdóttur. Fyrirliggjandi gögn þykja gera að verkum, að leggja verði til grundvallar, að Þormóður Guðmundsson hafi ekki formlega tekið við arfi úr dánarbúi Jónínu Hansdóttur með skiptum og greiðslu lögboðins erfðafjárskatts. Breytir það þó ekki því, að lögerfingjar Jónínu Hansdóttur gátu hvorki að Þormóði Guðmundssyni lifandi né látnum krafist skipta á dánarbúi hennar, enda ráðgert í erfðaskránni frá 2. febrúar 1933, að hið langlífara hjónanna væri einkaerfingi hins skammlífara, en síðan, að lögerfingjar hins skammlífara þeirra ættu arfstilkall í búi hins langlífara að því látnu. Þykir því ljós, að krafa lögerfingja Jónínu Hansdóttur um, að dánarbúi hennar einnar verði tekið til opinberra skipta, geti hvorki sótt stoð í þeim gögnum, sem þeir bera fram til stuðnings kröfum sínum, né í ákvæðum laga um lögerfðarétt. Það hefur hins vegar komið fram að nokkru leyti í málatalilbúnaði lögerfingja Jónínu Hansdóttur, að þeir krefjist þess, að dánar- og félagsbúi hennar og Þormóðs Guðmundssonar verði tekið til opinberra skipta, og „ að einkaskipti í dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar verði ógild.“ Þykir því rétt að leggja þann skilning í framkomna kröfugerð, að verið sé að krefjast þess, að búi Þormóðs Guðmundssonar verði tekið til opinberra skipta, til þess að arfstilkall lögerfingja Jónínu Hansdóttur í skjóli erfðaskrárinnar frá 2. febrúar 1933 geti komið til úrlausnar.

Sem fyrr greinir var Önnu Norris þann 12. febrúar 1983 veitt leyfi skiptaráðanda til einkaskipta á dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar, og greiddi hún erfðafjárskatt vegna arftökunnar þann 23. september 1982. Liggur fyrir, að hin sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá frá 2. febrúar 1933 var skiptaráðanda ókunn, er ráðstafnir þessar áttu sér stað. Þykir engu breyta í þessu tilliti, þótt lögerfinginn Gunnar H. Pálsson kunni að hafa eftir andlát Þormóðs Guðmundssonar aflað sér myndrits þessarar erfðaskrár hjá skiptaráðanda og gert munnlega grein fyrir því, að lögerfingjar Jónínu Hansdóttur mundu gæta réttar síns við skiptin, enda neyttu þeir ekki heimildar 4. gr. laga nr. 3/1878 til þess að krefjast töku búans til opinberra skipta fyrr en nærri þremur árum eftir andlát Þormóðs Guðmundssonar. Litið er svo á með stoð í ákvæðum þriðja þáttar laga nr. 3/1878 og ákvæðum laga um erfðafjárskatt nr. 30/1921, að einkaskiptum dánarbús sé lokið, er greiddur hefur verið erfðafjárskattur samkvæmt erfðafjárskýrslu, sem samþykkt hefur verið af skiptaráðanda, enda hafi áður verið veitt leyfi til einkaskipta. Liggur því fyrir, að skiptum á dánarbúi Þormóðs Guðmundssonar hafi verið lokið þann 23. september 1982. Er hvorki í lögum nr. 3/1878 né í öðrum lögum að finna því stoð, að heimilt sé eða skylt að

endurupptaka skipti dánarbús eftir lok þeirra, þótt fyrir liggi ástæða til að ætla, að rangur aðili hafi að einhverju eða öllu leyti tekið arf. Telja verður, að þeir, sem álíta, að ranglega hafi verið fram hjá sér gengið við skipti dánarbús, eigi ekki annarra kosta vöð en að framfylgja kröfum sínum með málssókn fyrir almennum dómstóli á hendur þeim, sem við arfi hefur tekið.

Samkvæmt framansögðu brestur lagastoð fyrir framkominni kröfu, og ber því af sjálfsdáðum að hafna henni.

Það athugast, að við meðferð þessa máls hefur skiptaráðanda ekki þótt ástæða til þess að gefa Önnu Norris kost á að lýsa afstöðu sinni til framkominnar kröfu, enda í úrskurði þessum, sem kveðinn er upp samkvæmt lögjöfnun frá 2. ml. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1949, áréttuð áður gerð réttarneitun við sömu kröfugerð jafnframt því að ljóst þykir, að óheimil sé endurupptaka skipta af umræddu tilefni og hefði samþykki Önnu Norris til slíks, þótt veitt væri, ekki getað leitt til þess, að skiptaráðanda væri heimil endurupptaka skiptanna.

Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o ð:

Hafnað er kröfum Gunnars H. Pálssonar, Sigrúnar S. Pálsdóttur, Brynjólfs Ámundasonar, Guðrúnar Ámundadóttur, Sigmundar Ámundasonar og Ingimars Ámundasonar í máli þessu.